


Búið er að uppfæra Sölukerfi, Fjárhagskerfi og Launakerfi í Netbókhaldi.is með ýmsum lagfæringum og breytingum. Þær breytingar sem koma notendum helst fyrir sjónir eru eftirfarandi:

Gjaldmiðlar í Sölukerfið



Gjaldmiðill:	ISK	1.0
Tegund:	Reikningur	
Greiðslumáti:	Viðskiptakröfur	

Nú er hægt að skrá sölureikninga í erlendum gjaldmiðlum. Notendur þurfa að skrá gjaldmiðlana og gengi þeirra í stofngögn (*Aðgerðir - Stofngögn - Gjaldmiðlar*) og heldur kerfið utan um gengissöguna. Ekki verður um tengingu við gengisskráningu bankanna að ræða til að byrja með.

Í viðskiptamannaskrá (*Aðgerðir - Stofngögn - Viðskiptamenn*) er hægt að festa ákveðinn gjaldmiðil á hvern viðskiptamann og einnig verður hægt að velja gjaldmiðil á sölureikningana sjálfa.

Heildarfjárhæð reikninga í erlendum gjaldmiðlum verður sýnileg í bæði viðkomandi gjaldmiðli og í íslenskum krónum.

Það er rétt að taka fram að bókun sölureikninga í erlendum gjaldmiðlum í Fjárhagskerfið verður með sama sniði og áður, þ.e. fjárhagsfærslurnar verða í íslenskum krónum.

Aðrar breytingar í Sölukerfinu

- Hnapparnir **Reikningsfæra**, **Bakfæra** og **Eyða** eru komnir upp til hinna hnappanna.
- Nýr hnappur fyrir aðgerðina **að fella línu** er kominn fyrir ofan sölulínurnar.

